

Skýrsla forseta starfsárið 2008-2009 Blað nr. 1 af 5

Flutt 25. Júní 2009.

Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar.

Skýrsla forseta, starfsárið 2008-2009.

(Flutt á klúbbfundi 25. Júní 2009.)

Inngangur

Ágætu rótarýfélagar!

62. starfsár Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar er senn á enda.

Ég væri ekki heiðarlegur ef ég viðurkenndi ekki, að þetta starfsár hefði verið krefjandi.

Um leið hefur það verið lærdómsríkt og skemmtilegt. Forseti Rotary International þetta starfsár, hefur verið Don Kurn Lee frá Kóreu, og einkunnarorð starfsársins sem hann valdi voru: “Make dreams real “ eða

“Látum drauma rætast”.

Klúbbstarfið

Stjórnarfundir

8 formlegir stjórnarfundir voru haldnir á árinu, að auki var tölvupóstur mikið notaður til þess að bera saman bækur okkar í stjórninni, sem um leið sparaði tíma þar sem ekki þurfti að kalla saman stjórnarfund að litlu tilefni.

Klúbbfundir

Haldnir voru 45 formlegir klúbbfundir á starfsárinu, þar af var einn fundur klúbbþing.

Aldrei var skortur á fundarefnum, fundarefni hafa verið mjög fjölbreytt og fræðandi,

Fyrirlesarar hafa komið úr öllum áttum og verið hver öðrum betri.

Margir klúbbfélagarhafa hafa komið að því að útvega fyrirlesara, sem skapar fjölbreytni. Þetta gerir félagana virkari þátttakendur í klúbbstarfinu.

Nokkur fundarefni voru hefðbundin, eins og stjórnarskipti, tilnefningar til stjórnar og kosning stjórnar, einnig árshátíð, jólafundur, og þorrablot.

Þá fluttu þrír af okkar nýrri félögum starfsgreinarerindi og gáfu okkur þannig innsýn í það sem þeir eru að fást við. Þetta voru þeir: Hinrik Kristjánsson Gunnar Rafn Sigurbjörnsson og Axel Valdimar Gunnlaugsson.

Undir forystu Guðbjartar og annarra félaga hans í klúbbþjónustunefnd var farið í Norska bústaðinn í Heiðmörk 17. júlí og haldinn kvöldfundur. Mikil ánægja er með þessa tilbreytingu í fundarstarfinu .

Umdæmisstjórinn okkar Ellen Ingvadóttir komu í heimsókn.

Umdæmisstjóri flutti okkur formleg skilaboð umdæmisstjóra og forseta Rotary International..

Mætingar

Fimm félagar þ.e. þeir Jónína Sigprúður Sigurðardóttir Sigfús Jónsson, María Kristín Gyldfadóttir, Hallfríður Helgadóttir og Þórdís Bjarnadóttir óskuðu sérstaklega eftir að verða undanþegnir mætingarskyldu á starfsárinu vegna anna í námi og starfi og varð stjórn klúbbsins við ósk þeirra. Einnig hefur félagi okkar Sigurður Þorleifsson verið fjarverandi frá því í desember vegna veikinda.

Mætingar félaga á klúbbfundi hafa verið góðar í heildina séð.

Meðaltalsmæting hefur verið í kringum 80%

Engu að síður er alltaf einhver lítill hópur félaga sem er með lélega mætingu og tekur takmarkaðan þátt í því sem er verið að gera. Þessir félagar gefa ýmsar skýringar. Væri óskandi að þeir sem svo er ástatt um líti í eigin barm og spyrji sjálfan sig hvort ekki sé hægt að gera betur og vera virkari í því sem klúbburinn tekur sér fyrir hendur. Það hlýtur að gefa viðkomandi meiri ánægju, og um leið að styrkja starf klúbbsins. Klúbbstarfið verður jú bara eins og við mótum það sjálf. Félagi sem mætir illa og tekur lítið þátt í klúbbstarfinu kynnist félögum lítið og þeir honum lítið.

Minna má félaga á að mæta á fundi í öðrum klúbbum bæði innanlands sem utan. Þannig er hægt að öðlast vitneskju um hvernig aðrir klúbbar starfa. Af því getum við lært og eflt okkar klúbb. Með þessu geta félagar bætt upp sína eigin mætingu.

Félagaskrá

Í upphafi starfsársins voru 77 félagar í klúbbum okkar, þar með talið er heiðursfélagarnir okkar Pétur Þorbjörnsson og Níels Árnason.

Tveir nýr félagi bættist í klúbbin á árinu Arnar Smári Þorvarðason og Hinrik Kristjánsson .

Tveir félagi hættu í klúbbum á starfsárinu Jónatan Garðason og Þór Halldórsson.

Félagar í lok starfsársins eru því 77, þar af eru 2 heiðursfélagar,

Nefndastörf

Landgræðslunefnd

Landgræðslunefnd var undir forystu Jóns Vignirs Karlssonar. Nefndin hafði veg og vanda að skógarhöggi jóla trjáa fyrir jólin og gróðursetningarferð klúbbsins í vor, auk þess að sjá um fundarefni á tveimur fundum. Eftir gróðursetninguna buðu þau Jón Vignir og eiginkona hans Hjördís, til vöfla veislu á heimili sínu, sem er í nágrenninu.

Æskulýðsnefnd

Æskulýðsnefnd starfaði undir forystu Ingvars Geirssonar og sá um fundarefni á fjórum fundum. Einn skiptinemi var á vegum klúbbsins þetta árið og kom hann frá Brasilíu og tókst í alla staði mjög vel til með hann og var hann orðinn nokkuð góður í Íslenskunni.

Skiptinemastarfið er tvímælalaust einn umfangsmesti og um leið einn mikilvægasti þátturinn í starfi Rótarý á heimsvísu, og er sérstaklega gaman að okkar klúbbur skuli hafa verið svona virkur í þessu starfi undanfarna áratugi. Mikilvægt er því að halda þessu starfi áfram,

Skemmtinefnd

Skemmtinefnd starfaði undir forystu Ragnheiðar Björk Guðmundsdóttir.

Árshátíðin var haldin 4. október og var vel sótt og vel heppnuð, enda skemmtiatriði vönduð.

Jólafundurinn var haldinn 18. desember og tókst vel.

Niðja fundur var ekki haldinn vegna þess hvernig stóð á dögum í dagatali

Þorrablót var haldið 22. janúar á hefðbundinn hátt og tókst vel.

Verðlaunanevnd nemenda

Verðlaunanevnd nemenda starfaði undir forystu Jóhannesar Einarssonar.

Fulltrúar úr nefndinni og eða stjórn klúbbsins voru viðstaddir skólaslit í grunn- og framhaldsskólum bæjarins. Afhent voru bókarverlaun til þeirra nemenda sem þóttu standa sig best. Áður fór fram stutt kynning á Rótarý.

Framkvæmdasjóður

Framkvæmdasjóði var stýrt af Skúla Valtýssyni.

Skúli Valtýsson mun gera grein fyrir rekstri sjóðsins hér á eftir, sem aðallega felst í jólamerkjaútgáfunni og jólatrjáasölu úr lundinum okkar.

.Ferðanevnd

Ferðanevnd var undir forystu Steingríms Guðjónssonar.

Í apríl var farið til Stokkhólms og tóku um 31 félagi ásamt mökum þátt í ferðinni.

Var borgin skoðuð undir Íslenskri leiðsögn. Farið var í heimsókn til Guðmundar Árna Stefánsonar sendiherra er bauð til móttöku. Ferðin tókst í alla staði frábærlega vel og var vel skipulögð af fararstjórunum Steingrími Guðjónssyni.

Auk þess sá ferðanevnd um fundarefni á einum fundi.

.

Umsjón með rótarýgolf

Rótarýgolfmótið er orðin fastur liður í starfsemi Rótarý og Jóhannes Pálmi Hinriksson veittir þeirri nefnd forystu.. Á síðasta sumri sá Rótarý klúbbur Hafnarfjarðar um Rótarý golfmótið og var það haldið á Keilisvelinum í Hafnarfirði þann 18 júlí.

Makar Rótarýfélag taka þátt og vann Kristín Pálsdóttir eiginkona Guðmundar Friðriks.Sigurðssonar einstaklingskeppnina án forgjafar og varð í öðru sæti með forgjöf.

Í sveita keppninni urðu þeir Axel V. Gunnlaugsson og Guðmundur Friðrik Sigurðsson í öðru sæti .

Nú er bara að vona að okkar mönnum gangi vel í sumar, en það mun koma í ljós nú í júlí.

Aðrar nefndir

Aðrar nefndir klúbbsins þ.e. Öldrunarnefnd, klúbbsþjónustunefnd, starfsþjónustunefnd, þjóðmálanefnd, alþjóðamálanefnd, félaganefnd, starfsgreinaneftnd og rótarýfræðslunefnd, höfðu hefðbundnu hlutverki að gegna og hver um sig þurfti að sjá um fundarefni á 3-4 fundum og tókst það undantekningarlaust með ágætum.

Viðurkenningar

Á Jólafundi var Gunnhildur Sigurðardóttir gerð að Paul Harris féaga og er hún jafnframt fyrsta konan sem hlýtur þessa viðurkenningu í Rótarýklúbbi Hafnarfjarðar og er vel að þeim heiðri kominn.

Tveir félagar okkar voru heiðraðir með Paul Harris viðurkenningum á síðasta Umdæmisþingi, Hallfríður Helgadóttir fékk fyrir störf sín í þágu æskulýðsmála og Guðni Gíslason fékk fyrir störf sín vegna vefsíðu umdæmisins og klúbbanna.

Samstarf við rótarýklúbbinn í Kimberley í Suður Afríku.

Byggingu Barnaheimilis í Kimberley lauk á starfsárinu og var vígt 20 október 2008 að viðstöddum félögum okkar úr klúbbnum Þeim Gunnhildi Sigurðardóttur og Guðmundi Jónssyni og mökum þeirra , en samtals voru 10 Íslendingar viðstaddir vígsluna ásamt félögum úr Kimberly Rótarý klúbbnum sem var samstarfsaðili okkar í verkefninu. Þá vil ég geta þess að borist hefur kveðja frá Rótarý foundation þar sem sjóðurinn lýsir yfir ánægju sinni með verkefnið.

Rótarýsjóðurinn.

Ákveðið var í fjárhagsáætlun starfsársins að framlög okkar í Rótarýsjóðinn, í gegnum félagsgjöld skyldu nema 310.000. Síðan hafa safnast 84.400 í grísinn okkar Samanlagt höfum við því lagt fram 3.030\$ til sjóðsins á þessu starfsári.

Lokaorð.

Rótarýhjólíð heldur áfram að snúast og nýtt fólk kemur inn í stjórnina í stað þeirra sem hverfa á braut.

Þegar ég horfi til baka er mér efst í huga þakklæti í garð allra sem hafa unnið með mér á starfsárinu. Þeirra Hallgríms Jónassonar verðandi forseta, Hjörsísar Guðbjartsdóttur ritara, Jóns Auðuns Jónssonar gjaldkera, Víðis Stefánssonar stallara og svo Gunnhildar Sigurðardóttir fyrrverandi forseta, sem hljóp svo oft undir bagga og aðstoðaði mig þegar á þurfti að halda.

Að lokum langar mig til að þakka ykkur félögum mínum í klúbbum fyrir frábært samstarf á starfsárinu, það hefur verið gaman að starfa með ykkur.

Mætingar hafa verið góðar. Skemmtileg stemming hefur verið á fundunum og erindi hafa verið fræðandi..

Góð mæting eru lykilatrið í starfi klúbbsins.

Með góðri mætingu takast góð kynni okkar á milli og samstaðan eflist.

.

Haraldur Þór Ólason.

Forseti Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar, starfsárið 2008-2009.